

Stjórnarfundur TSÍ þann 04.03.2009 kl 12:00 – 13:00

Mættir voru Gunnar, Hafsteinn, Ingólfur, Jónas, Raket og Skjöldur

1. Aðild að Evrópska tennissambandinu (ETA)

Upplýsingar frá fundi ETA 14.febrúar síðastliðinn lágu fyrir. TSÍ getur verið áfram aðili að ETA í 2 ár án þess að borga áður en það yrði lokað á okkur. Þá er hugsanlegt að ef TSÍ myndi ekki greiða árgjald fyrir árið 2009 og 2010 en vildi vera áfram aðili að sambandinu 2011 þá gætu þeir mögulega felld niður gjaldið fyrir árin 2009 og 2010. Með þessu móti er möguleiki á áframhaldandi þátttöku í öllu sem er á vegum ETA, m.a. að halda Evrópumót á Íslandi. Möguleiki er að halda Evrópumót á Íslandi í ár á tímabilinu júlí – desember og hafa Raj og Jónas í hyggju að nýta þennan möguleika og halda sitt hvort mótið hvort á eftir öðru í sumar. Stjórnin samþykkti að árgjald fyrir árið 2009 yrði felld niður sem hefur nú þegar verið gert og að ekki yrði borgað árgjaldið fyrir 2009 og séð svo til eftir tvö ár hvað ETA segir þá.

ITF er búið að borga ETA það sem TSÍ átti inni hjá þeim. Eftirstandandi er 500\$ sem TSÍ skuldar ETA fyrir árið 2008.

2. Kröfur til þeirra sem keppa fyrir TSÍ / Ísland

Stjórn var sammála um að landsliðsfólk sem keppir fyrir hönd Íslands á Davis Cup og Fed Cup í ár verði að taka þátt í mótum á Íslandi ef þess gefst kostur. Jónas hefur nú þegar talað við nokkra landsliðsmenn og ítrekað þetta við þá og hefur hann fulla heimild stjórnar TSÍ til þess. Raket benti á að æskilegt væri að landsliðsfólk yrði upplýst í upphafi tennis tímabils um kröfur til þeirra og að skipulögð yrði keppni með lengri fyrirvara þannig að landsliðsfólk geti undirbúið sig sem skildi. Í ljósi þess hve seint var ákveðið að senda á Davis Cup og Fed Cup í ár var þetta ekki hægt.

3. Þrír eða fjórir keppendur á Davis Cup og Fed Cup

Kostnaður við Davis Cup og Fed Cup hefur lækkað um 240 þ.kr frá síðustu útreikningum vegna gengismunar og þar sem enginn hótellkostnaður verður fyrir leikmenn á Davis Cup. Því var ákveðið að senda 4 leikmenn á bæði Davis Cup og Fed Cup.

Fed Cup liðið mun samanstanda af Irísi, Söndru Dís og Eirdísi sem hafa nú þegar gefið kost á sér. Arney var svo valin sem fjórða inn í liðið og mun Raj hafa samband við hana og bjóða henni að koma á þetta mót.

Tilkynna þarf landslið Íslands sem mun fara á Davis Cup 27.mars. Í ljósi þess hve stutt er í þetta er ekki hægt að láta alla keppa við alla og því var ákveðið að Arnar (ef hann kemst), Magnús, Teitur og Birkir komist beint inn í liðið. Hjalti, Jónas og e.t.v. Stefán Pálsson (ef hann gefur kost á sér) munu svo keppa um 4 sætið sem verður laust ef Arnar kemst ekki. Raj mun skipuleggja þessa keppni.

4. Heimasíða TSÍ

Raj hafði óskað eftir því að ræða það hvernig hafði verið staðið að vali nýrrar manneskju til að sjá um heimasíðu TSÍ. Raj sagðist ekki vera sammála því hvernig nýr vefstjóri og kynningarstjóri voru valdir á stjórnarfundum síðastliðinn 5.febrúar þar sem honum var ekki

boðið á þann fund vegna fjárhagslegra tengsla sinna vegna stöðu framkvæmdastjóra. Einnig kom Raj því á framfæri að engar breytingar, umbætur né aðrar ábendingar um heimasíðuna hafði komið frá stjórninni frá ársþingi TSÍ í maí 2008 til febrúar 2009. Skjöldur sagði Raj frá því að að stjórn hafði samþykkt einróma að Rakel myndi sjá um heimasíðu TSÍ og því þótti ekki ástæða til að taka málið upp aftur. Stjórnarmenn eru allir sammála um að skipta verkefnum og fá þar með fleiri til starfa fyrir TSÍ. Ástæðan fyrir því að Raj var ekki boðið á umræddan fund er vegna þess að ræða átti laun framkvæmdastjóra á fundinum sem var gert og í framhaldi af því voru önnur mál afgreidd.

5. Mótsstjóri Íslandsmóts innanhúss 2009

Stjórnin samþykkti einróma að Raj verði mótstjóri Íslandsmótsins innanhúss.

6. Önnur mál

Raj bað um bókhaldsgögn frá gjaldkera til að gera ársskýrslu fyrir TSÍ sem þarf að vera tilbúið fyrir ársþingið 14.apríl næstkomandi.

Ákveðið var að Raj myndi fá greitt 50 þ.kr á mánuði fyrir starf framkvæmdastjóra og ca 15 þ.kr á mánuði (samtals 200 þ.kr. fyrir árið)fyrir ITN listann svo lengi sem innistæða væri fyrir því á reikningi TSÍ.

Rakel sagði frá samtali við Margréti Svavarsdóttir um sögu tennisins á Íslandi og TSÍ. Margrét sagði að hún hefði skilið eftir öll gögn hjá TSÍ þegar hún hætti í sambandinu og því ættu þau að vera til hjá TSÍ á pappírformi. Einnig benti hún á aðila sem gætu veitt upplýsingar um tennissöguna; Guðný, Atli Arason, Ásdís, Hjálmar og Jónas. Sagði hún líka frá því að búið væri að rita sögu tennisins í bók sem fjallaði um sögu íþróttanna og hún hefði útvegað rithöfundinum gögn. Hún gat þó ekki munað hvað bókin hét eða hvenær hún var gefin út.

Rakel ætlar að skoða gögnin sem eru til á skrifstofu TSÍ til að átta sig á hversu mikið umfang yrði að safna þessum gögnum saman og rita sögu TSÍ.

Kveðja,
Rakel Pétursdóttir ritari TSÍ